



Fundargerð stjórnarfundar ÍKSA

Dags **20. desember 2011 kl. 14:00**

Staður **Bíó Paradís**

Mættir **Anton Máni Svavarsson, Hilmar Sigurðsson, Laufey Guðjónsdóttir, Ragnar Bragason, Snorri Þórisson og Stefanía Thors**

Fundargerð **Stefanía Thors**

Aðildargjöld ÍKSA 2012 og kosningaréttur

Lögð fram tillaga að staðfesta hugmyndir um 2.000 kr. aðildargjald að Íslensku kvikmynda og sjónvarpsakademíunni. Sendir verða greiðsluseðlar í heimabanka meðlima akademíunnar með gjalddaga 1. febrúar og eindaga 31.12.2012 þannig að aðildarfélagar hefðu allt árið til að ákveða með áframhaldandi aðild að Akademíunni. Hinsvegar verða þeir sem greiða eftir 1. febrúar 2012 ekki á kjörskrá fyrir Edduna 2012. Jafnframt lá fyrir tillaga um að Heiðursfélagar og Akademiúmeðlimir 67 ára og eldri væru undanþegnir aðildargjöldum. Tillaga um aðildargjöld samþykkt samhljóða. Snorri kannar með kostnað af slíkri útsendingu.

Fjárhagsáætlun Eddunar 2012 lögð fram

Formaður lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Edduna 2012. Tillagan var samþykkt. Jafnframt var samþykkt að taka tilboði Stöðvar 2 í útsendingu að því gefnu að greiðsla fyrir útsendingarrétt yrði hærri en hjá RÚV.

Framkvæmdastjóri Eddunar 2012 – tillaga að ráðningu

Formaður lagði til að hann fengi umboð til að ráða Brynhildi Ólafsdóttur sem framkvæmdastjóra Eddunar 2012. Samþykkt samhljóða.

Lykildagsetningar Eddunar 2012

- 9. janúar kl. 17 – lokað fyrir innsendingar.
- 3. febrúar – tilkynnt um tilnefningar.
- 18. febrúar – Eddan í Gamla bíói í beinni útsendingu

Aðildarumsóknir til samþykktar

Þar sem umsóknir voru ekki á hreinu á fundinum, þá var samþykkt að formaður sendi þær í tölvupósti á stjórn til samþykkis / synjunar.

Kynningar vegna Eddunar og innsendinga

Samþykkt að beina því til fagfélaganna að senda út á sína félagsmenn upplýsingar um innsendingar og helstu dagsetningar. Allar upplýsingar eru á www.eddan.is. Hilmar mun senda fjölpóst á meðlimi akademíunnar með upplýsingum um innsendingar, aðildargjöld og annað sem þarf að senda út.

Fundargerðir stjórnar

Lagt var til að fundargerðir stjórnar verði birtar á vef Akademíunnar. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum og honum slitið kl. 15:30

Formaður boðar næsta fund í janúar 2012